

20  
10. apríl

## BRÁÐABIRGÐAREGLUR

um

fjárstjórn Strandarkirkju.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 50, 12. maí 1928, um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi, eru settar svofelldar reglur til bráðabirgða um stjórn kirkjufjárna.

### 1. gr.

Sóknarnefnd hefir umsjón með Strandarkirkju og heimtir kirkjugjöld, eins og verið hefir. Gerir hún biskupi árleg skil fyrir þeim ásamt áheitum, er henni kunna að berast.

Biskup semur árlegan aðalreikning kirkjunnar.

### 2. gr.

Sjóðfé kirkjunnar skal ávaxtað í hinum almenna kirkjusjóði.

### 3. gr.

Maður, er ráðuneytið þar til skipar, hefir, undir yfirumsjón sýslumanns, umsjón með jarðeignum kirkjunnar.

Byggir hann þær með samþykki sýslumanns. Um umsjónina fer eftir reglugerð um umsjón yfir kirkjujörðum.

Í lok hvers fardagaárs sendir umsjónarmaður biskupi um hendur sýslumanns skilagrein fyrir afgjöldum kirkjueignanna.

### 4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ávísar fé úr kirkjusjóði til annara gjalda en venjulegs kirkjukostnaðar, samkvæmt því, er lög ákveða.

Reglur þessar ganga þegar í gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. apríl 1931.*

**Jónas Jónsson**

---

*G. Sveinbjörnsson.*